



Fornleifaskráning vegna Skógræktar í Selárdal, Vopnafirði

Áslaugarstaðir, Þorvaldsstaðir og Hamar

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/005

Forsíðumynd: Horft til suðvesturs yfir tún á Áslaugarstöðum.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Áslaugarstaðir – ágríp af sögu	6
Fornleifaskrá	8
Þorvaldsstaðir – ágríp af sögu	15
Fornleifaskrá	16
Hamar (Út-Hamar), ágríp af sögu	22
Fornleifaskrá	23
Minjar utan túns	28
Horfnað minjar	30
Samantekt	31
Minjar á Áslaugarstöðum	31
Minjar á Þorvaldsstöðum	32
Minjar á Hamri (Út-Hamri)	33
Hættumat	33
Heimildaskrá	35

Inngangur

Að beiðni 6-River Iceland var gerð fornleifaskráning á afmörkuðum skógræktarreitum í landi eyðibýlanna Áslaugarstaða, Þorvaldsstaða og Hamars í Selárdal. Vettvangsskráning fór fram dagana 29-30. Maí og 7. og 20. júlí 2024 og var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings. Stuðst var við uppmælingagögn frá verkkaupa. Vegna slæmrar tíðar opnaðist vegurinn inn dalinn seint og því þurfti að fara fleiri ferðir en ætlað var í upphafi.

Tengiliður við verkkaupa: Hrafnkatla Eiríksdóttir, 6 Rivers Iceland

Heimildamenn: Sigmundur Steingrímsson, Hróaldsstöðum og Sigurður Ólafsson frá Þorvaldsstöðum. Þeir fá kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3259

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹

Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. **Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsóknar er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.** [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Minjar eru mældar með gps tæki sem gefur undir metra í skekkju. Afstöðumynd af legu minja og skógræktarsvæða er að finna aftast í skýrslunni. Auk þess er tafla í viðauka við skýrsluna með helstu upplýsingum um einstakar minjar: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru fengnar hjá ESRI.



Mynd 1. Horft til suðurs yfir tún á Áslaugarstöðum. Bæjarhóllinn sést handan Bæjarlækjar.

Áslaugarstaðir – ágríp af sögu

Áslaugarstaðir eru næst ysti bær í Selárdal, norðan Selár. Áslaugarstaða er fyrst getið í jarðabókum 1686² en jörðin kemur þó ekki fyrir í manntölum fyrr en árið 1816, þá búa þar 6 manns.³ Verðmat jarðarinnar er nokkuð á reiki en í jarðatalinu 1686 er jörðin sögð í bændaeign og metin 10 hundruð. Árið 1695⁴ er hún þó einungis 4 hdr en hjáleigan Leifsstaðir hinsvegar sögð 10hdr. Í sóknarlýsingu frá 1840 er jörðin metin 6 hdr, með eyðijörðinni Leifsstöðum.⁵ Í jarðatali 1847 eru Áslaugarstaðir hinsvegar taldir 4 hdr og eyðibólin tvö, Leifsstaðir og Lýtingsstaðir.⁶ Þarna hefur einhver villa slæðst inn þar sem Lýtingsstaðir eru sunnan Selár og skv. sóknarlýsingu frá 1840 sagðir byggðir úr Ljótstaðalandi.⁷

Leifsstaðir voru hjáleiga frá Áslaugarstöðum og í sóknarlýsingu frá 1840 segir að þar hafi verið „byggt annað slagið í góðum árum”. Í ritgerð Halldórs Stefánssonar sem birtist í Austurlandi III (bls. 151) segir að Leifsstaðir hafi byggst 1850 en þá hlýtur að hafa verið endurbyggt þar sem jörðin er nefnd í jarðatali 1695.⁸

² Björn Lárusson, 1967, bls. 309.

³ Sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands <https://manntal.is/>

⁴ Björn Lárusson, 1967, 309.

⁵ Finnur Karlsson ofl., 2000, bls. 49.

⁶ J. Johnson, 1947, bls. 351.

⁷ Finnur Karlsson ofl., 2000. bls. 49

⁸ Finnur Karlsson ofl., 200 bls. 51.

Áslaugarstaðir voru í upphafi í bændaeign en um aldamótin 1900 var helmingur jarðarinnar í eigu Vopnafjarðarhrepps en hinn í eigu verslunarinnar Örum & Wulff. Jörðin komst aftur í bændaeign 1912 en búskapur lagðist þar af 1962.⁹

⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi, bls. 73.

Fornleifaskrá

Áslaugarstaðir 3259-001

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fremst á brún ofan rofbakka í suðurhlíð Lönguhlíðar eru leifar lítillar vörðu.

Lýsing

Um er að ræða grjóthrúgu lítillar vörðu sem hefur mest verið um 60-70cm há. Hrúgan er um 40x50cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Er utan plöntunarsvæðis en var tekin með vegna nálægðar við það.



Mynd 2. Varða [3259-001] á Lönguhlíð, horft í SV.



Mynd 3. Kolagröf [3259-002]

Áslaugarstaðir 3259-002

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 30x60cm í þvermál og 50cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjölmargar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.



Mynd 4. Talið frá vinstri, kolagrafir [3295-003], [3295-004] og [3295-005]



Mynd 5. Talið frá vinstri, kolagrafir [3295-006], [3295-007] og [3295-008].

Áslaugarstaðir 3259-003

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 40x60cm í þvermál og 40cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjöl margar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-004

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 50x60cm í þvermál og 70cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjöl margar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-005

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 50x50cm í þvermál og 40cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjöl margar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-006**Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 50x70cm í þvermál og 60cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjölmargar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-007**Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 40x50cm í þvermál og 30cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjölmargar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-008**Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Kolagrafir eru á víð á dreif í uppblásnum þýfðum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð.

Lýsing

Kolagröfin er um 50x50cm í þvermál og 40cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Fjölmargar kolagrafir eru í mounum suður og austur af Lönguhlíð.

Áslaugarstaðir 3259-009**Hlutverk:** Girðing**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir og lýsing**

Um 800m NV af túni á Áslaugarstöðum, 220m vestur af Skarðsá liggur hleðsla undan vírgirðingu. Hleðslan er á kafla nokkuð vegleg þar sem hún liggur ofan á klettum en er annars einföld grjótröð. Línan sést vel á um 370m löngum kafla til NV þar sem hún tekur vinkilbeygju og sést á um 700m löngum kafla til SV. Hluti hleðslunnar sést svo glögglega á um 200m kafla upp frá bæjarlæk ofan túns á Áslaugarstöðum.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur þessarar hagagirðingar en þar sem hún gæti mögulega talist nógu gömul til að teljast fornleifar er hún höfð hér með. Hluti hleðslunnar liggur á um 50m löngum kafla innan ætlaðs skógræktarreits vestan Skarðsár.



Mynd 6. Á vinstri myndinni má sjá hæðslu [3259-009] undan girðingu vestan Skarðsár (í S) en hægri myndin er af hæðslu [3259-010] undan girðingu upp frá túni á Áslaugarstöðum (í SV).

Áslaugarstaðir 3259-010

Hlutverk: Girðing

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Um 200m ofan túns á Áslaugarstöðum má sjá syðri enda hæðslu undan hagagirðingu [3259-009]. Hleðslan sést glögg á um 200m löngum kafla til norðurs upp á blásinn melás austan gilsins sem Bæjarlækurinn rennur um. Hleðslan verður svo óleggri á um 120m löngum kafla þangað til hún beygir til NA.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur þessarar hagagirðingar en þar sem hún gæti mögulega talist nógu gömul til að teljast fornleifar er hún höfð hér með. Um 200m af hæðslunni sjást innan afmarkaðs skógræktarsvæðis norðan heimatúns Áslaugarstaða. Þar sem hæðslan liggur innan annars skógræktarsvæðis en austari hluti hennar [3259-009] þá fær hún hér sérstakt minjanúmer.

Áslaugarstaðir 3259-011

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Stekkjartóft liggur 570m SV af heimatúni á Áslaugarstöðum, 40m neðan vegarins inn Selárdal.

Lýsing

Stekkurinn liggur NNA-SSV. Hann er um 10m á lengd og 5m á breidd. Tóftin er tvískipt, réttin er 3x5m að innanmáli en lambakróin 1,5x2m, innan-gengt hefur verið á milli. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi og sér hvergi í stein. Veggjahæð er 0.3-0.8m og veggjapýkkt er um metri.



Mynd 7. Stekkur og tóft, mögulega heytóft í móa sunnan Sauðár.



Mynd 8. Horft til SV yfir stekkjartóft [3259-011] í móa sunnan túns á Áslaugarstöðum.

Aðrar upplýsingar

Tóftin liggur ofan á nokkurri upphækkun sem bendir til að hún sé reist á eldri minjum. Í örnefnaskrá Áslaugarstaða eru tveir stekkir nefndir en þetta er hvorugur þeirra.

Áslaugarstaðir 3259-012

Hlutverk: Heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóft er 50m SV af stekk [3259-011] og um 600m SV af túni á Áslaugarstöðum, neðan vegar.

Lýsing

Tóftin snýr NA-SV og er 3x5m að utanmáli. Veggir eru hástir um 50cm í vesturenda tóftar. Annars eru veggir um 30cm á hæð og um 60cm á breidd. Mögulegar dyr eru við NV horn.

Aðrar upplýsingar

Gæti verið heytóft en veggir eru þó nokkuð stæðilegri en tíðkast í þeim.

Áslaugarstaðir 3259-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir



Mynd 9. Tóft [3259-012] í móa neðan vegar innan túns á Áslaugarstöðum.



Mynd 10. Upphækkuð ferköntuð þúst [3259-013] syðst í móum neðan vegar milli Áslaugarstaða og Leifsstaða.

Fornleg tóft eða þúst 1,8km SV við tún á Áslaugarstöum í móa um 70m neðan vegar og 100m ofan Selár.

Lýsing

Um er að ræða upphækkaða þúst sem er ferköntuð og með nokkru tóftalagi. Hinsvegar voru veggir óljósir. Þústin er um 5x8m að utanmáli og er sýnileg sem upphækkun í móanum.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er alvaxin lyngi og mjög fornleg en ekkert frekar hægt að álykta um tilgang hennar. Hún er um 20m suður af útmörkum skógræktarreits en er höfð hér með vegna nálægðar við svæðið.

Áslaugarstaðir 3259-014

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þúst, mögulega af heytóft er í móa um 1,3km SV af túni á Áslaugarstöðum, neðan vegarins að Leifsstöðum.

Lýsing

Þústin er um 2x3m að stærð en veggjalög ekki vel greinanleg. Hún liggur á útmörkum skógræktarsvæðis.

Áslaugarstaðir 3259-015

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er frammi á grasbakka á milli tveggja smálækja ofan gilsins sem bæjarlækurinn rennur um.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður 3x5 að utanmáli. Veggir eru óverulegir, mest um 30cm á hæð og um 10cm breiðir. Hluti veggjar í SV horni tóftarinnar hefur hrunið en ekki hafa verið dyr á tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er 30m vestur af skógræktarsvæðinu norðan túnsins. Hún er höfð með vegna nálægðar við svæðið.



Mynd 12. Horft til norðurs yfir bæjarstöði Þorvaldsstaða.

Þorvaldsstaðir – ágríp af sögu

Þorvaldsstaðir voru byggðir einhvern tímann á milli 1812-1816 í svokölluðum Almenningi, sameignarlandi Vopnfirðinga fram á 19. öld. Býlisins er fyrst getið í manntali 1816 og þá kallað Almenningur. Þá bjuggu einungis tveir þar.¹⁰ Í sóknalýsingu sr. Guttorms Þorsteinssonar frá 1840 segir að Þorvaldsstaðir séu byggðir fyrir 13 árum í afréttarlandi sem áður var nefnt Almenningur.¹¹ Jörðin er metin á 6 hundruð að dýrleika í sóknarlýsingum frá 1840.¹² Í Jarðatali Johnsen er hún hinsvegar sögð nýbýli í bændaeign en ekki metin að dýrleika.¹³ Neðanmáls segir þó að sýslumaður og prestur telji hana 6 hundruð. Jörðin fór í eyði 1952.¹⁴

¹⁰ Sjá heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.manntal.is; Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1. bindi, bls. 77.

¹¹ Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 49-51.

¹² Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 49.

¹³ Jarðatal Johnsen, 1849, bls. 151.

¹⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 1. bindi, bls. 77.

Fornleifaskrá

Þorvaldsstaðir 3259-017

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á lítt grónum melkolli um 100m suður af Almenningsá ytri, ofan vegar er einföld grjóthleðsla, að því er virðist ferköntuð.

Lýsing

Á melnum er hálfyfirgróin einföld hleðsla sem myndar ca. 3x3m svæði. Hleðslan gæti verið undan girðingu eða mögulega neðsti hluti veggjar á tóft sem er að öðru leyti horfin.



Mynd 13. Grjóthleðsla [3259-017]. Horft í austur.

Þorvaldsstaðir 3259-018

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heytóft

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðrar skógræktar

Staðhættir

Á ógrónum melkolli um 100m suður af Almenningsá ytri, ofan vegar og 10m sunnan grjóthleðslu [3259-017] er heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur NNA-SSV, um 4x5m að utanmáli.

Veggir eru 30-40cm háir og um 60cm breiðir. Við sunnanverða SV langhlið er rof í vegginn en ólíklegt er að þar sé um dyraop að ræða.



Mynd 14. Heytóft [3259-024]. Horft í SV.

Þorvaldsstaðir 3259-019

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Varða stendur á klettakolli upp með Almenningsá-Ytri, 650m ofan við brú á ánni.

Lýsing

Varðan er 0.8-1m breið og um 70cm há. Hún er heldur óvönduð smíð og hol að innan.

Aðrar upplýsingar

Varðan er 20m austan skógræktarsvæðis.



Mynd 15. Varða [3259-019] vestan Almenningsár Ytri. Horft í austur.

Þorvaldsstaðir 3259-020

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta, er skammt frá afmörkuðu skógræktarsvæði

Staðhættir

Varða stendur á mel skammt vestur af Almenningsá Ytri, um 860m upp frá brúnni á ánni.

Lýsing

Nokkrum steinum hefur verið hrúgað upp á örfoka mel. Hleðslan er 40cm há og 70cm breið.



Mynd 16. Varða [3259-020] á mel vestan Almenningsár Ytri. Horft í SA

Þorvaldsstaðir 3259-021

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Hættumat:

Mikil hætta vegna fyrirhugaðrar skógræktar

Staðhættir

Óvandað vörðuhrúgald stendur á mel skammt vestur af Almenningsá Ytri, um 990m upp frá brú á ánni.

Lýsing

Hleðslan er um 60cm í þvermál og 30cm á hæð



Mynd 17. Varða vestan [3259-021] Almenningsár Ytri. Horft í SA.

Þorvaldsstaðir 3259-022

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heytóft

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðrar skógræktar

Staðhættir



Í móa um 120m austan við Klakksá og 30m ofan vegar er heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur NNA-SSV. Hún er 7x4m að utanmáli. Veggir eru 10-30cm breiðir og 40cm á hæð.



Mynd 18. Heytóf [3259-022]. Horft í SSV.



Mynd 19. Beitarhús [3259-023] utan Klakksár. Myndin til vinstri er yfirlitsmynd tekin í norður en hægra megin er teikning af beitarhúsunum.

Þorvaldsstaðir 3259-023

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar og þegar hefur verið plantað í og við tóftina

Staðhættir

Í móa um 30m norðan Klakksár og 50m NV vegar er stæðileg beitarhúsatóft.

Lýsing

Tóftin er alls 15x6m að utanmáli. Hún er vel gróin en víða sér í hleðslur sem standa vel. Veggir eru 50-120cm á hæð og 1.2m á breidd. Tóftin er tvískipt. Fjárhústóft með garða er 9x4m að innanmáli og er innangengt í hlöðu aftan við. Hlaðan er 2x4m að stærð. Aftan hlöðunnar er áföst kofatóft 1,5x2m að innanmáli. Veggir kofans eru óverulegri, rétt um 50cm á hæð og 60cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Þorvaldsstaða (bls. 2) segir: „Utan við Klakksgil (Klakksá) eru beitarhúsatóftur örskammt frá Selá, nafnlaus.“ Búið er að planta birki í og við tóftina.

Þorvaldsstaðir 3259-024

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðrar skógræktar

Staðhættir

Í hlið um 600m ofan vegar og 2km SV af Þorvaldsstöðum er heytóft.

Lýsing

Heytóftin liggur NA-SV og hefur verið hlaðin upp við bakka í brekkunni sem myndar NV



Mynd 20. Heytóft [3259-024]. Horft í austur.

langhlið tóftarinnar. Tóftin er 6x2m að utanmáli og myndar 80cm háa upphækkun upp við brekkuna. Veggir eru óverulegir og tóftin er vaxin grasi.

Þorvaldsstaðir 3259-025

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna fyrirhugaðrar skógræktar

Staðhættir

Í hlið um 560m ofan vegar og 2km SV af Þorvaldsstöðum er heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur NA-SV. Hún er 3x5m að utanmáli. Veggir eru um 20-30cm á hæð og um 40cm á breidd. Tóftin er vaxin grasi, mosa og víði.



Mynd 21. Heytóft [3259-025] horft í vestur.



Mynd 22. Heytóft [3259-026] horft í SV.

Þorvaldsstaðir 3259-026

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á bakka holgrafarlækjar í hlið um 2km SV af Þorvaldsstöðum er heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA og er 3x6m að utanmáli. Veggir eru óverulegir, 10cm á hæð og 20cm á breidd. Tóftin er grasi vaxin.

Þorvaldsstaðir 3259-027

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan undir hólbrekku í hlið um 2m km SV af Þorvaldsstöðum er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður-suður og er 3x6m að utanmáli. Veggir eru 20-40cm á hæð og um 50cm á breidd. Tóftin er vaxin berjalyngi. Vestan, sunnan og austan tóftar er um 2ja metra breitt svæði þar sem torf hefur verið tekið í tóftina.



Mynd 22. Heytóft [3259-027] horft í SV.



Mynd 23. Tóftir, mögulega heytóftir eða sel utan Klakksár.

Þorvaldsstaðir 3259-028

Hlutverk: Heytóft, sel?

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 60m NA af beitarhúsi [3259-023] eru þrennar tóftir á austurbakka lækjar. Allar eru tóftirnar jarðsokknar og gamallegar. Tvær tóftanna liggja á afgangri upphækkun sem gæti bent til eldri tófta undir.

Lýsing

Syðsta tóftin er 4x5m að utanmáli, veggir eru mest 70cm breiðir og 60cm á hæð. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni en hún er mjög jarðsokkin og vaxin lyngi.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að þetta séu heytóftir en veggir tóftanna eru óvenju veglegir. Ekki er útilokað að þetta séu tóftir af seli en óvíst er frá hvaða bæ það væri.



Þorvaldsstaðir 3259-029

Hlutverk: Heytóft, sel?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 60m NA af beitarhúsi [3259-023] eru þrennar tóftir á austurbakka holgrafarlækjar. Allar eru tóftirnar jarðsokknar og gamallegar. Tvær tóftanna liggja á aflangri upphækkun sem gæti bent til eldri tófta undir.

Lýsing

Norðan við tóft [3259-023] er önnur tóft, tvískipt. Hún snýr norður-suður og er 4x5m að utanmáli. Nyrðra hólfið er um 2x3m að innanmáli og virðist opin til austurs. Syðra hólfið er um 1.2m og mögulegar dyr eru á suðurvegg. Veggjahæð er um 70cm og þykkt veggja mest um 50cm.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að þetta séu heytóftir en veggir tóftanna eru óvenju veglegir. Ekki er útilokað að þetta séu tóftir af seli en óvíst er frá hvaða bæ það væri.

Þorvaldsstaðir 3259-030

Hlutverk: Heytóft, sel?

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 60m NA af beitarhúsi [3259-023] eru þrennar tóftir á austurbakka holgrafarlækjar. Allar eru tóftirnar jarðsokknar og gamallegar. Austasta tóftin liggur um 4m austan tóftar [3259-029].

Lýsing

Tóftin er 7m löng og 5m breið að utanmáli. Dyr hafa verið syðst á austur langvegg. Veggir eru mest um 60cm á hæð og 1m á breidd. Tóftin er mjög jarðsokkin og algróin grasi og berjalyngi. Ef þarna hefur verið sel myndu þetta vera kvíarnar, en það verður ekki fullyrt.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að þetta séu heytóftir en veggir tóftanna eru óvenju veglegir. Ekki er útilokað að þetta tóftir af seli en óvíst er frá hvaða bæ það væri.



Mynd 24. Horft til SV yfir bæjarstæði á Hamri. Bæjarstæðið er hægra megin fyrir miðri mynd, hægra megin við Bæjarlækinn, vaxið blágresi. Selá í baksýn.

Hamar (Út-Hamar), ágríp af sögu

Býlið Hamar var stofnað 1829 í Almenningi, sem var sameignarland Vopnfirðinga. Bærinn dregur nafn af sérkennilegum hömrum sem eru í gili Selár, neðan bæjarstæðisins.¹⁵ Bæjarins er fyrst getið í manntali 1835 og bjuggu þar fimm manns.¹⁶ Í sóknarlýsingum Hofssóknar frá 1840 er jörðin talin 4 hundruð að dýrleika¹⁷ og sömuleiðis í jarðatali Johnsen frá 1847 þar sem hún er sögð nýbýli og í bændaeign.¹⁸ Jörðin var í eyði á árunum 1909-1918 er hún var endurbyggð og ný bæjarhús reist. Hamar fór endanlega í eyði 1928 og þar eru engar byggingar uppistandandi. Afbýlið Fram-Hamar var byggt árið 1869 og var af og til í byggð til 1888. Eftir að afbýlið var byggt var Hamar nefndur Út-Hamar.¹⁹


¹⁵ Sveitir og jarðir, 1. bindi, bls. 78-79.

¹⁶ Heimasíða Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is

¹⁷ Finnur Karlsson ofl., 2000, bls. 49.

¹⁸ Jarðatal Johnsens, bls. 351.

¹⁹ Sveitir og jarðir, 1. bindi, bls. 78-79.



Mynd 115. Yfirlitsmynd af minjum í túni á Hamri.

Fornleifaskrá

Hamar 3259-032

Hlutverk: Híbýli, fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær tóftaþyrpingar eru í túni á Hamri. Efri tóftaþyrpingin er af seinasta bænum og liggur fyrir miðju túni, við bug á bæjarlæknum, um 4m vestan lækjarins. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920.

Lýsing

Tóftaþyrpingin snýr NV-SA og er 16x17m að umfangi. Mikill gróður var í og við tóftinar við skráningu og því erfitt að greina nákvæma herbergjaskipan en 6-7 hólf voru þó greinanleg. Ekki var augljóst hvort innangengt er milli rýmanna. Stærsta rýmið er vestan við miðju þyrpingarinnar og kann það að vera fjóshlaðan sem getið er í Sveitum og jörðum. Fremstu tvær tóftirnar hafa verið af baðstofu og bæjardyrhúsi. Veggir voru algrónir grasi og blágresi en sá þó víða í steina. Vegg hæð var mest 1,7m og veggþykkt 1,3m.


Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 má sjá bæinn fyrir miðju túni, vestan lækjar (Túnakort, HG). Efri bæjartóftirnar falla á sama stað og bærinn er sýndur á túnakorti sem lagt er yfir loftmynd. Í undirmati Norðurmúlasýslu frá 1916 (bls. 160) er bygginum á Hamri lýst svo: „Húseign. a) Baðstofa, 8x6^{al} þiljuð uppi b) Búr og eldhús, c) Fjárhús 3. Tals fyrir 100 fjár, d)



Mynd 26. Yfirlitsmynd (í NA) og teikning af bæjartóftunum [3259-032].

Heyhlaða fyrir 30 hesta.“ Í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 78) segir: „Bæjarhús voru nær fallin er jörðin byggðist aftur (sjá ábt.) og byggð baðstofa 1919, þiljuð uppi, 3 stafgólf á lengd og í einu lagi, en niðri fjós. Bæjardyrhús var einnig byggt, án lofts og undir torfi. Þá var og fjóshlaða og 40 hb. og hlóðaeldhús”. Óvíst er hvort bærinn hefur verið endurbyggður á sama stað eða verið færður til þegar býlið byggðist upp á ný. Heimildamaður, Sigurður Ólafsson, sagði að byggt hafi verið yfir bæjarlækinn og því innangengt í vatnsból.



Mynd 27. Yfirlitsmynd (í NA) og teikning af tóftaþyrpingu [2359-033], bæjartóftin fjær.

Hamar 3259-033

Hlutverk: Híbýli, útihús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 20m neðan við bæjarþyrpinguna [3259-32] og um 30m vestur af bæjarlæknum er önnur tóftaþyrping sem líkist einna helst bæjartóft en kann þó einnig að vera af skepnuhúsum, a.m.k að hluta.

Lýsing

Tóftirnar voru algrónar grasi og blágresi og erfitt að greina nákvæm veggjalög, innganga o.þ.h. Þyrpingin snýr nálega austur-vestur og er 13x17m að stærð. Í þyrpingunni eru a.m.k. 7 rými. Fremst vinstra megin eru tvö samhliða rými, innangengt á milli. Samanlagt eru þessi rými um 5x9m að stærð. Inngangur er í vestara rýmið um dyr á suður langvegg. Í norðvestur horni vestara rýmisins er smærra herbergi um 2x2m að stærð, engar dyr voru greinanlegar á því. Í SV horni þyrpingarinnar eru tvö rými eða hólfi, dyr eru inn í stærra hólfið en ekki greinanlegar milli hólfa. Þvert og aftan hinna tóftanna er aflöng tvískipt tóft, um 3x11m að innanmáli. Dyr hafa verið á henni til austurs. Veggjahæð er mest 1,7m og veggjaþykkt 1,3m. Tóftin er algróin en sér víða í steinhleðslur.

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteignamats fyrir Norðurmúlasýslu frá 1916 (bls. 160) er bygginum á Hamri lýst svo: „Húseign. a) Baðstofa, 8x6^{al} þiljuð uppi b) Búr og eldhús, c) Fjánhús 3. Tals fyrir 100 fjár, d) Heyhlaða fyrir 30 hesta.“ Óvíst er hvort að bærinn hafi upphaflega verið þarna en síðan verið færður þegar býlið byggðist upp að nýju 1919.

Hamar 3259-034

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 50m SA af bæjarstæðinu og 10m austur af bæjarlæknum er tóft af útihúsi, líklega fjánhúsi og hlöðu.

Lýsing

Tóftin snýr SV-NA og er um 13m löng og 4m að breidd. Vestan til er tvískipt tóft um 2,5x7m að innanmáli með dyr á SV skammhlið. Austan hennar tóft sem liggur NV-SA, 2x3m að innanmáli og dyr eða þil í SA. Aftan (norðan) hennar er svo kofatóft, 3x3m að innanmáli með dyr í SV. Veggir eru 30-60cm háir og mest um 1m á breidd. Veggir voru algrónir grasi og blágresi.

Aðrar upplýsingar

Líklega eitt þeirra útihúsa sem getið er í fasteignamati frá 1916, en þar eru talin þrenn fjánhús og heyhlaða fyrir 30 hesta.



Mynd 28. Tóftir austan bæjarlækjar.

Hamar 3259-035

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 60m SA af bæjartóftum [3259-] og 13m austur af Bæjarlæknum er ógreinileg kofatóft.

Lýsing

Tóftin var algróin grasi og blágresi og veggir óljósir. Veggir voru greinilegir á þrjá vegu en tóftin hefur verið með þil í suður eða veggur þar er horfinn. Mesta hæð veggja er 20cm og veggjaþykkt 30cm.

Hamar 3259-036

Hlutverk: Fjárhús og heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 70m SA af bæjarstæðinu [3259-] og 30m austur af bæjarlæknum er tóft af fjárhúsum og áföst heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA, um 5x9m að utanmáli. Fjárhúsin eru sunnan við, 3x4m að innanmáli með dyr til SA. Fjárhústóftin gæti hafa verið stærri en þvert á NV enda hennar liggur heytóft um 4x5m að utanmáli. Heytóftin liggur hærra en fjárhústóftin. Veggir í fjárhúsi eru 30-70cm háir og 1m á þykkt en þykkt veggja í heytóft er um 70cm. Enginn garði er í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Líklega eitt þeirra útihúsa sem getið er í fasteignamati frá 1916, en þar eru talin þrenn fjárhús og heyhlaða fyrir 30 hesta.

Hamar 3259-037

Hlutverk: Fjárhús, hlaða?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m norðan við bæjarhúsatóftirnar [3259-] og 30m vestan við bæjarlækinn er tóft af útihúsi, mögulega fjárhúsi.

Lýsing

Tóftin liggur nálega norður-suður, er 10m löng og 6m breið. Dyr vita í suður. Sunnarlega á austur langvegg er áföst kofatóft með dyr á austurhlið. Veggir eru 40cm háir og um 80cm breiðir. Norður horn tóftarinnar er mjög hrunið og veggir þar óljósari. Tóftin var algróin grasi og blágresi.

Aðrar upplýsingar

Líklega eitt þeirra útihúsa sem getið er í fasteignamati frá 1916, en þar eru talin þrenn fjárhús og heyhlaða fyrir 30 hesta.



Mynd 29. Horft til SV, fjárhús- eða hlöðutóft [3259-037] fyrir miðri mynd.


Hamar 3259-038

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40m beint vestur af bæjartóftunum [3259-] er tóft af kofa.



Mynd 30. Tóftir vestast í túni.

Lýsing

Tóftin er um 3,5x6m að utanmáli. Hún snýr SV-NA og dyr hafa mögulega verið á suður langvegg. Veggir eru 20-50cm á hæð og um 40cm á breidd.

Hamar 3259-039

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 60m beint vestur af bæjartóftinni [3259-], neðst í brekku á mörkum gamla túnsins er tóft af rétt.

Lýsing

Tóftin snýr NV-SA og er 9-15m að utanmáli. Hlið á réttinni hefur verið við suður horn. Veggir eru hástir 1,2m og veggjaþykkt er 1m. Tóftin er algróin grasi og berjalyngi.



Mynd 31. Horft til SV yfir rétt í vesturhorni túns.

Hamar 3259-040

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 70m ofan bæjartóftar [3259-] og 10m vestur af bæjarlæknum, efst í gamla túninu, er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur upp við brekku sem myndar vesturvegg hennar. Hún er um 5x5m að utanmáli og dyr eru til austurs. Veggir eru hæstir um 40cm og 80cm á þykkt. Tóftin er algróin.

Aðrar upplýsingar

Torf í tóftina hefur verið tekin austan hennar. Tóftin er um 4m norður af útmörkum skógræktarsvæðis skv. gögnum frá framkvæmdaaðila.

Hamar 3259-041

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 60m vestur af bæjartóftinni [3259-] er heytóft í SV horni gamla túnsins.

Lýsing

Tóftin liggur SV til NA og er 4m á breidd. Veggir eru óverulegir um 20cm á hæð og 30cm á breidd.

Hamar 3259-042

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 65m SV af bæjartóftinni [3259-] er kofatóft, vestast í túni.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA og er um 5x5m að utanmáli. Hleðslur standa ágætlega en hún er þó algróin grasi. Veggihæð er mest 70cm og veggþykkt um 50cm. Dyr eru á tóftinni til SA.

Hamar 3259-045

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing


Gata liggur í gegnum túnið, fast neðan bæjartóftanna á Hamri. Hún sést vel á um 250m austur frá túni og 300m löngum kafla vestur frá því, framhjá stekkknum [3259-043] vestan túns.

[Minjar utan túns](#)

Hamar 3259-031

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft



Mynd 32. Yfirlitsmynd (í SV) og teikning af stekk [3259-031] austast í Hamarslandi.

Staðhættir


Um 800m ANA af bæjarstæði Hamars, um 20m neðan vegar inn dalinn eru tættur af stekk.

Lýsing

Tóftin liggur NA-SV og er 10x6m að utanmáli. Hún er tvískipt, vestara hólfið er rétt, um 4x5m að innanmáli. Dyr eru út úr réttinni við NV horn. Austan réttarinnar er samföst lambakró og hefur verið innangengt á milli. Króin er 2x4m að innanmáli. Veggir eru 30-80cm að hæð og um 1m á breidd. Tóftin er gróin grasi og lyngi en þó sér í stöku stein.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls, 2) segir: „Nokkru utar [en Búðarhóll] er klettahóll, er heitir Stekkjarhamar”. Ekki er víst hvar Stekkjarhamar er en staðsetning stekkjars gæti átt við lýsingu í örnefnaskrá.



Mynd 33. Yfirlitsmynd (í SV) og teikning af stekk [3259-031] vestan bæjar.

Hamar 3259-043

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Stekkjartóft er í móa um 280m SV af túni á Hamri.

Lýsing

Tóftin liggur NV-SA, 6x12m að utanmáli og er tvískipt. Réttin er sunnan við og er 3x8m að innanmáli. Dyr eru á henni við SV horn tóftarinnar. Lambakróin er 1,5x2,5m að innanmáli og eru dyr milli réttar og króar. Hlaðinn leiðigarður liggur til SV frá NV horni tóftarinnar, hann er 12m langur. Veggir eru algrónir og standa nokkuð vel nema í lambakrónni. Veggir eru hæstir um 1m og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 1) segir: „Framan við Miðlækinn, nokkru ofar en bærinn, er melur, að nafni Rjúpsnæmelur. Hjá þeim mel er Stekkur og sést tóftin”.

Hamar 3259-044

Hlutverk: Varða, óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á kletti um 420m SV við tún á Hamri og um 100m upp af Selánni er varða og hleðsla við hana.

Lýsing

Nokkrum steinum hefur verið hrúgað upp á stóran náttúrustein og er hleðslan um 1m á hæð. Vestan hleðslunnar er einföld grjótröð um 4m að lengd, hlutverk óvíst.



Mynd 34. Varða [3259-044] ofan Selár, horft í suður.

Horfnar minjar

Hamar 3259-046

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 78) segir: „Mylla var við bæjarlækinn”.

Aðrar upplýsingar

Myllan fannst við skráninguna.

Samantekt

Alls voru 44 minjar skráðar á vettvangi í Selárdal vegna áætlaðrar skógræktar sumarið 2024. Mylla [3259-046], á Hamri sem getið er í heimildum fannst ekki. Einungis voru skráðir afmarkaðir skógræktarreitir og því ekki um heildarskráningu jarða að ræða. Skráningin beindist aðeins að þeim skógræktarsvæðum sem ætlunin var að planta í sumarið 2024.

Á Áslaugarstöðum voru skráðar 15 minjar, 14 á Þorvaldsstöðum og 16 á Hamri. Á Áslaugarstöðum og Þorvaldsstöðum voru minjar ekki skráðar á bæjarstæðunum heldur einungis á afmörkuðum skógræktarsvæðum utan túna. Á Hamri (Út-Hamri) er bæjarstæðið hinsvegar á skilgreindu skógræktarsvæði.

Miðað er við að skrá minjar sem falla undir 100 ára reglu laga um menningarminjar en samkvæmt þeim teljast allar minjar frá 1924 og eldri vera fornleifar. Hinsvegar er erfitt að meta nákvæman aldur minja frá fyrri hluta 20. aldar og því eru minjar sem mögulega geta fallið undir 100 ára regluna skráðar, þótt ekki sé hægt að fullyrða um aldur.

Minjar á Áslaugarstöðum

Alls voru 15 minjar skráðar við vettvangsskoðun í landi Áslaugarstaða 29. og 30. maí. Tólf minjanna liggja innan afmarkaðra skógræktarsvæða en þrjár þeirra, heytóft ofan túns [3259-015], vörðuhrúgald ofanvert í Lönguhlíð [3259-001] og þúst [3259-001] í móa vestan túns eru skráðar vegna nálægðar við þau.

Hleðslur undan girðingu [3259-009 og 010] kunna að vera yngri en 100 ára en það verður ekki fullyrt og því eru þær skráðar. Það er þó einungis hlutar girðingarinnar sem lenda innan skógræktarsvæða.

Tafla 1 Tafla 2. Minjar á Áslaugarstöðum.

Auðkenni	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3259-001	varða	hleðsla	1800-1950	hætta	trjárækt	682768	594944
3259-002	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682509	594329
3259-003	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682508	594344
3259-004	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682509	594337
3259-005	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682511	594354
3259-006	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682574	594438
3259-007	kolagröf	niðurgroftur	800-1800	mikil hætta	trjárækt	682927	594856
3259-008	kolagröf	niðurgroftur	800-1806	mikil hætta	trjárækt	682945	594887
3259-009	girðing	hleðsla	1920-1967	mikil hætta	trjárækt	684529	594008
3259-010	girðing	hleðsla	1920-1967	mikil hætta	trjárækt	683814	593448
3259-011	stekkur	tóft	1500-1920	mikil hætta	trjárækt	683631	592581
3259-012	ópekkt, heytóft	tóft	1800-1920	mikil hætta	trjárækt	683583	592571
3259-013	ópekkt	þúst	800-1800	enginhætta	trjárækt	683242	592114
3259-014	heytóft?	þúst	1800-1920	mikil hætta	trjárækt	683139	592028
3259-015	heytóft	tóft	1800-1920	hætta	trjárækt	683784	594098

Áslaugarstaðir eru elstir bæjanna þriggja og því má vænta eldri og fjölbreyttari minja þar, bæði innan túns og utan. Fáar og fábreyttar minjar voru þó á þeim skógræktarreitum sem lágu undir í skráningunni 2024. Fornlegar kolagrafir [3259-002-008] eru innan eða rétt við útmörk skógræktarsvæðis í uppblásnum móa neðan við svokallaða Lönguhlíð. Kolagrafirnar eru í útjaðri svæðis sem er mikið skemmt vegna jarðvegseyðingar. Nokkur fjöldi heillegra kolagrafa er hinsvegar í mounum neðan hlíðarinnar, utan skógræktarsvæða. Stekkjartóft [3259-011] og möguleg heytóft [3259] eru í móa innan bæjarstæðisins og heytóft [3259-014] skammt frá mörkum við Leifsstaði.

Minjar á Þorvaldsstöðum

Alls voru 12 minjar skráðar á vettvangi á tilgreindum skógræktarreitum í landi Þorvaldsstaða 7 júlí. Níu minjanna liggja innan afmarkaðra skógræktarsvæða. Tvær vörður vestan Almenningsár Ytri [3259-019 og 3259-020] eru utan svæðis en skráðar vegna nálægðar við það.

Tafla 3. Minjar á Þorvaldsstöðum

Auðkenni	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3259-017	óþekkt	hleðsla	1816-1952	mikil hætta	trjárækt	681177	589921
3259-018	óþekkt, heytóft	tóft	1816-1953	mikil hætta	trjárækt	681170	589912
3259-019	varða	hleðsla	1816-1954	engin hætta		680701	590181
3259-020	varða	hleðsla	1816-1961	hætta	trjárækt	680470	590261
3259-021	varða	hleðsla	1816-1962	mikil hætta	trjárækt	680383	590322
3259-022	heytoft	tóft	1816-1960	mikil hætta	trjárækt	680852	589633
3259-023	beitarhús	tóft	1816-1959	mikil hætta	trjárækt	680736	589494
3259-024	heytoft	tóft	1816-1958	mikil hætta	trjárækt	677623	586650
3259-025	heytoft	tóft	1816-1957	mikil hætta	trjárækt	677669	586623
3259-026	heytoft	tóft	1816-1956	mikil hætta	trjárækt	677766	586560
3259-027	heytoft	tóft	1816-1955	mikil hætta	trjárækt	677830	586400
3259-028	heytoft, sel?	tóft	1500-1900	mikil hætta	trjárækt	680714	589559
3259-029	heytoft, sel?	tóft	1500-1900	mikil hætta	trjárækt	680713	589564
3259-030	heytoft, sel?	tóft	1500-1900	mikil hætta	trjárækt	680721	589567

Þar sem Þorvaldsstaðir eru fyrst byggðir á árunum 1816-1818 var ekki að vænta að þar væri mikið um fornar minjar utan túns svo sem sel eða fornþýli. Skógræktarsvæðin eru öll utan við heimatún jarðarinnar og því fremur fáar minjar og minjaflokkar. Allar minjarnar teljast hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. – 20. öld. Skammt utan svæðis, vestan Almenningsár ytri, eru tvær óvandaðar vörður [3259-019 og 3259-020]. Þær fá að fljóta með vegna nálægðar við útmörk svæðis. Stærsti minjaflokkurinn eru heytóftir alls sex talsins [3259-018, 3259-022 og 3259-024-027]. Auk þess eru leifar hleðslu [3259-017], mögulega undan tóft, skammt vestan Ytri Almenningsár og tóft af stæðilegu beitarhúsi [3259-023] skammt austan Klakksár. Skammt frá beitarhúsinu eru leifar af heytóftum [3259-028, 029 og 030] eða mögulega seli á lækjarbakka. Ef þarna hefur verið sel er óvíst frá hvaða bæ það hefði getað verið.

Minjar á Hamri (Út-Hamri)

Alls voru 15 minjar skráðar á vettvangi á tilgreindum skógræktarreitum í landi Hamars 20. júlí. Þar af voru 11 minjar **[3259-032-042]** í gamla heimatúninu.

Tafla 4.

Auðkenni	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3259-031	stekkur	tóft	1829-1900	mikil hætta	trjárækt	676463	585249
3259-032	hibýli, fjárhús?	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675596	585064
3259-033	hibýli, fjós	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675596	585023
3259-034	fjárhús, hlaða?	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675642	585033
3259-035	óþekkt	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675647	585013
3259-036	fjárhús, heytóft	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675668	585029
3259-037	fjárhús, hlaða?	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675569	585077
3259-038	óþekkt	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675546	585058
3259-039	rétt	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675519	585068
3259-040	óþekkt	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675548	585131
3259-041	heytoft	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675543	585049
3259-042	heytoft	tóft	1829-1928	mikil hætta	trjárækt	675526	585037
3259-043	stekkur	tóft	1829-1900	mikil hætta	trjárækt	675293	584884
3259-044	varða, óþekkt	hleðsla	1829-1900	mikil hætta	trjárækt	675503	584604
3259-045	leið	gata	1829-1900	mikil hætta	trjárækt	675588	585047
Horfnar minjar							
3259-046	mylla	heimild	1829-1900				

Hamar byggist fyrst 1829 og engar augljóslega fornar minjar fundust við skráninguna. Minjalandslagið er því einkennandi fyrir búskap á 19. öld fram á fyrri hluta 20. aldar. Í túni eru mögulega tvennar bæjartóftir **[3259-032 og 033]** austan bæjarlækjar. Þær eru heillegar en mikill gróður vex í þeim. Í túni eru þrennar fjárhús og/eða hlöðutóftir **[3259-034, 036 og 037]** auk nokkurra kofa án þekkts hlutverks **[3259-038, 040 og 042]** og heytóftar **[3259-041]**. Vestast í túni er svo tóft af rétt **[3259-039]**. Utan túns voru skráðar tvennar heillegar stekkjartóftir **[3259-031 og 043]** og vörðuhrúgald á kletti ofan Selár. Allar minjar sem skráðar voru á vettvangi í landi Hamars voru vel varðveittar.

Hættumat

Við skráningu er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír hættu flokkar, engin hætta, hætta og mikil hætta.²⁰ Mat á hættu minja má finna í töflu 1-3 hér að ofan og heildartöflu aftast í skýrslu.

Við skráninguna lágu fyrir nokkur afmörkuð skógræktarsvæði. Þar sem minjar liggja innan svæða eru þær metnar í mikilli hættu verði ekkert gert til að forða þeim frá skemmdum. Minjar í næsta nágrenni útmarka svæðanna eru metnar í hættu vegna nálægðar við þau. Þetta hættumat

²⁰ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

þarf að endurskoða þegar frekari upplýsingar um skipulag ræktunar og mótvægisaðgerðir liggur fyrir.

Alls voru 39 minjar (87%) metnar í mikilli hættu en þrjár minjar utan svæða eru metnar hættu. Ein varða á Þorvaldsstöðum stendur á kletti skammt utan svæðis og því ekki metin í hættu og engin hætta var metin fyrir myllu sem sem kann að vera horfin.

Tafla 5. Hættumat minja á jörðunum þremur.

Jörð	Mikil hættu	Hættu	Engin hættu/ómetið
Áslaugarstaðir	12	2	1
Þorvaldsstaðir	12	1	1
Hamar	15		1
Fjöldi minja	39	3	3

Við skipulag skógræktar er mikilvægt að minjum sé gefið nægilegt rými og þar sem um minjaheildir er að ræða að ber að gæta að planta ekki trjáum þannig að þær missi samhengi sitt. Almennt er reiknað með 15m friðhelguðu svæði umhverfis fornleifar og miðast það við ystu sýnileg mörk. Rætur trjáa eru skeinuhættar fornleifum á yfirborði, en ekki síður þeim hluta minjalandslags sem liggur neðanjarðar. Rætur trjáa og annars gróðurs brýtur upp og aflagar jarðlög sem rýrir fornleifafræðilegt samhengi, og þar með upplýsingagildi, jarðlægra fornleifa. Flestar minjanna liggja utan túna og er oftast um stakar minjar að ræða. Bæjarstæði Hamars á hinn bóginn er áhugaverð minjaheild sem gefa þarf rými í heild sinni fremur en að einstaka minjar innan hennar séu metnar sérstaklega.

Allar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I (1974). Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Áslaugarstaða. Jakob Einarsson skráði (Heimildamenn: Árni Björgvinsson og Guðríður Árnadóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Þorvaldsstaða. Ingólfur Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Út-Hamars. Jakob Einarsson skráði (Heimildamaður: Árni Kristjánsson). Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar sótt á heimasíðu Alþingis. Skoðað 26.05.2024

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.05.2024

www.manntal.is


Túnakort sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.05.2024

<https://testbirting.manntal.is/>

Undirmat fasteigna sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is

Fylgiskjöl

Yfirlitsmynd af skógræktarsvæðum í Selárdal



Yfirlitsmynd yfir minjar á skógræktarsvæðum í landi Áslaugarstaða



3259-001

3259-008

3259-007

Langahlið

3259-006

3259-002

-003

-004

-005

3259-015

3259-009

Skarðsá

3259-010

Áslaugarstaðir

Selá

3259-012

3259-011

3259-014

3259-013


Skýringar

● Minjar


▭ Afmörkuð skógræktarsvæði

0 200 400 600 800 m

Yfirlitsmynd yfir minjar á skógræktarsvæðum í landi Þorvaldsstaða



Yfirlitsmynd yfir minjar á skógræktarsvæðum í landi Hamars



3259 - Áslaugarstaðir, Þorvaldsstaðir og Hamar - hnitaskrá

Númer	Býli	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3259-001	Áslaugarstaðir		varða	hleðsla	1800	1950	greinanlegt	hætta	trjárækt	682768	594944
3259-002	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682509	594329
3259-003	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682508	594344
3259-004	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682509	594336
3259-005	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682511	594354
3259-006	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682574	594438
3259-007	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682927	594856
3259-008	Áslaugarstaðir		kolagröf	niðurgroftur	800	1800	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	682945	594887
3259-009	Áslaugarstaðir		girðing	hleðsla	1920	1967	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	684529	594008
3259-010	Áslaugarstaðir		girðing	hleðsla	1920	1967	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	683814	593448
3259-011	Áslaugarstaðir		stekkur	tóft	1500	1920	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	683630	592584
3259-012	Áslaugarstaðir		óþekkt, heytóft	tóft	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	683583	592571
3259-013	Áslaugarstaðir		óþekkt	þúst	800	1800	vel greinanleg	engin hætta	trjárækt	683242	592114
3259-014	Áslaugarstaðir		heytoft	þúst	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	683139	592028
3259-015	Áslaugarstaðir		heytoft	tóft	1800	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	683784	594098
3259-017	Þorvaldsstaðir		óþekkt	hleðsla	1816	1956	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	681177	589921
3259-018	Þorvaldsstaðir		óþekkt, heytóft	tóft	1816	1952	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	681170	589912
3259-019	Þorvaldsstaðir		varða	hleðsla	1816	1952	vel greinanleg	engin hætta		680701	590181
3259-020	Þorvaldsstaðir		varða	hleðsla	1816	1952	vel greinanleg	hætta	trjárækt	680470	590261
3259-021	Þorvaldsstaðir		varða	hleðsla	1816	1952	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680383	590322
3259-022	Þorvaldsstaðir		heytoft	tóft	1816	1952	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680852	589633
3259-023	Þorvaldsstaðir		beitarhús	tóft	1816	1952	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680736	589494
3259-024	Þorvaldsstaðir		heytoft	tóft	1816	1952	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	677623	586650
3259-025	Þorvaldsstaðir		heytoft	tóft	1816	1952	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	677669	586623
3259-026	Þorvaldsstaðir		heytoft	tóft	1816	1952	greinanleg	mikil hætta	trjárækt	677766	586560
3259-027	Þorvaldsstaðir		heytoft	tóft	1850	1952	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	677830	586400
3259-028	Þorvaldsstaðir		sel, heytóft	tóft	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680714	589559
3259-029	Þorvaldsstaðir		sel, heytóft	tóft	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680713	589564
3259-030	Þorvaldsstaðir		sel, heytóft	tóft	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	trjárækt	680721	589567

3259 - Áslaugarstaðir, Þorvaldsstaðir og Hamar - hnitaskrá

Númer	Býli	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3259-031	Hamar		stekkur	tóft	1800	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	676463	585249
3259-032	Hamar	Hamar	híbbýli	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675596	585064
3259-033	Hamar	Hamar	híbbýli	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675596	585023
3259-034	Hamar		fjárhús, hlaða?	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675642	585033
3259-035	Hamar		óþekkt	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675647	585013
3259-036	Hamar		fjárhús, heytóft	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675668	585029
3259-037	Hamar		fjárhús, hlaða	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675569	585077
3259-038	Hamar		óþekkt	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675546	585058
3259-039	Hamar		rétt	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675519	585068
3259-040	Hamar		óþekkt	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675548	585131
3259-041	Hamar		heytóft	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675543	585049
3259-042	Hamar		heytóft	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675526	585037
3259-043	Hamar		stekkur	tóft	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675293	584884
3259-044	Hamar		varða, óþekkt	hleðsla	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675503	584604
3259-045	Hamar		leið	gata	1829	1928	vel greinanleg	mikil hættu	trjárækt	675588	585047
3259-046			mylla	heimild	1829	1928	horfin				